



„Mér líður eins og ég tilheyri, veit að hún lærir tungumálið fljótt.“ Foreldrar með fjölbreyttan bakgrunn og fullgildi við upphaf leikskólagöngu

Hrönn Pálmadóttir

► Abstract ► Um höfund ► About the author ► Heimildir

Greinin er byggð á rannsókn þar sem leitast var við að skilja hvaða merkingu foreldrar með fjölbreyttan bakgrunn leggja í reynslu sína af samskiptum og þátttöku við upphaf leikskólagöngu barna sinna. Í rannsókninni er stuðst við hugtakið fullgildi sem er þýðing á enska hugtakinu belonging. Það vísar til tilfinningar einstaklingsins af félagslegum tengslum ásamt tækifærum til samskipta og þátttöku. Hugtakið fullgildi er margslungið og greinir Yuval-Davis (2006, 2011) á *milli tilfinningalegs fullgildis* (e. sense of belonging) og *pólítisks fullgildis* (e. politics of belonging). Fullgildi er talið tengjast grundvallarþörf manneskjunnar um að tilheyra fólki, stöðum eða hlutum. Reynsla fólks af því að tilheyra hafi þannig áhrif á nám, hegðun, vellíðan og sjálfsmynd þess (May, 2013; Stratigos o.fl., 2014). Eigindlegar rannsóknaraðferðir voru notaðar við öflun gagna. Tekin voru hálfopin viðtöl við átta foreldra sex barna; feður og mæður tveggja barna og mæður fjögurra barna. Börnin voru öll undir tveggja ára aldri og höfðu verið í leikskólanum frá tveimur upp í fimm mánuði þegar rannsóknin hófst. Foreldrar tveggja barna voru með erlendan bakgrunn, tvö barnanna með íslenskan bakgrunn og tvö þeirra með annað foreldri með erlendan bakgrunn. Tvö barnanna nutu sérstaks stuðnings í leikskólanum. Greining gagna fór fram með þemagreiningu, en hún er sveigjanleg aðferð sem notuð er til að skipuleggja og greina gögn (Braun og Clarke, 2013). Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að upphaf leikskólagöngu fól í sér miklar breytingar á lífi fjölskyldnanna. Val á leikskóla, þátttökuáðlögun og skipulag leikskólastarfsins sköpuðu mikilvægan grunn fyrir væntingar foreldranna af samskiptum og þátttöku í samfélagi leikskólans í framhaldinu. Í hugum foreldra var fullgildi samofað tilfinningunni af trausti og öryggi í garð leikskólans. Mikilvægt væri að leikskólinn stuðlaði að tengslum og samstarfi við foreldra, auk þess að leggja áherslu á tungumál og félagsleg samskipti barnanna í því augnamiði að þau upplifðu fullgildi innan barnahópsins.

Efnisorð: Upphaf leikskólagöngu, foreldrar, fjölbreyttur bakgrunnur, fullgildi

Inngangur

Flutningar fólks á milli landa hafa leitt til þess að samsetning fjölskyldna sem tengjast leikskólum hér á landi er umtalsvert fjölbreyttari en áður. Breytingarnar eru í samræmi við það sem á sér stað í öðrum vestrænum ríkjum þar sem uppeldi og menntun ungra barna flyst fyrr út af heimilum og dregið hefur úr einsleitni fjölskyldna (OECD, 2017). Hér á landi var fæðingar- og foreldraorlof lengt úr níu mánuðum í eitt ár og kom til framkvæmda árin 2020–2021 (lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000). Stefna sveitarfélög að því að leikskólinn taki við að því loknu. Nú þegar hafa allmörg sveitarfélög boðið börnum leikskóladvöl frá eins árs aldri. Um 50% barna innan við tveggja ára eru í leikskólum (Hagstofa Íslands, e.d.-a, e.d.-c).

Um 14% barna í leikskólum eru með erlent móðurmál og um 11% barna njóta sérstaks stuðnings í leikskólum vegna fötlunar (Hagstofa Íslands, e.d.-b). Ung börn læra og þroskast því í mun fjölmennari og fjölbreyttari hópum jafningja en áður var.

Um árabíl hefur *menntun án aðgreiningar* (e. inclusion) verið opinber skólustefna. Menntun án aðgreiningar felur í sér að allir hafi rétt til að sækja menntun við hæfi í sínum hverfis-skóla (lög um leikskóla nr. 90/2008; Menntamálaráðuneytið, 1995; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Lengi vel var menntun án aðgreiningar aðallega tengd nemendum með fötlun. Nú á dögum er sjónarhornið víðara og einnig sett í samhengi við fjölmennningarlega menntun. Bent hefur verið á mikilvægi þess að þróa þurfi starfshætti sem byggjast á hugmyndum um nám án aðgreiningar ásamt fjölmennningarlegum kennsluháttum í því skyni að fjölbreyttir foreldra- og barnahópar upplifi möguleika á þátttöku og að þeir tilheyri leikskólanum (Hanna Ragnarsdóttir o.fl., 2016; Van Laere og Vanderbroeck, 2017). Í nýlegri skýrslu þar sem birt voru drög að stefnu um menntun barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn er tekið undir þessi viðhorf og nauðsyn þess að þróa fjölmennningarlega menntun í öllu skólakerfinu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2020).

Fjölmennningarlegt skólastarf byggir á lýðræði þar sem áhersla er lögð á félagslegt réttlæti, jafnræði og þátttöku allra (Hanna Ragnarsdóttir, 2016; Hanna Ragnarsdóttir og Kulbrandstad, 2018; Souto-Manning, 2013). Sjónir fræðimanna beinast nú æ meir að hópum sem er hætt við jaðarsetningu innan skólakerfisins. Rannsókn Lazzari o.fl. (2020) sýnir að starfshættir í leikskóla miða fremur við fjölskyldur sem hafa reynslu og þekkingu af menntakerfinu t.d. vegna skólagöngu eldri barna sinna. Því er hætta á að foreldrar með erlendan bakgrunn taki síður þátt í skólastarfi (Lazzari o.fl. 2020; Tobin, 2020). Upphaf leikskólagöngu getur reynst flókin áskorun fyrir þá foreldra og börn sem takast á við miklar breytingar og þekkja lítið til leikskólastarfs hér á landi.

Upphaf leikskólagöngu telst til tímamóta sem kölluð eru aðlögun og er þar vísað til inntöku nýrra barna í leikskóla. Í aðlögunarferlinu er lagður grunnur að samstarfi foreldra og leikskóla. Rannsóknir sýna að öryggi, vellíðan og traust foreldra og barna á leikskólanum er samofið og eru samskipti og tengsl í brennidepli (Broberg, 2017; Hrönn Pálmadóttir, 2020). Í aðalnámskrá leikskóla kemur fram að sjónarmið fjölbreytts foreldrahóps og framlag þeirra til leikskólastarfs eru álitin mikilvægur liður í velferð og vellíðan barna (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Samstarf leikskóla og foreldra er talið vera ein af grunnstoðum gæða í leikskólastarfi (Cottle og Alexander, 2014; Jóhanna Einarsdóttir, 2020).

Til þess að bregðast við ákalli samtímans um breytingar í átt að fjölmennningarlegum starfsháttum er mikilvægt að leikskólar, sem og önnur skólastig, ígrundi áherslur og hvernig brugðist er við fjölbreytileikanum. Upphaf leikskólagöngu felur í sér fyrstu skref foreldra og barna inn í íslenskt menntakerfi, tímamót þar sem samskipti og samstarf milli foreldra og leikskólakennara eru mótuð. Raddir foreldra með fjölbreyttan bakgrunn geta því verið mikilvæg lóð á vogarskálar þróunar fjölmennningarlegrar menntunar hér á landi.

Markmið rannsóknarinnar sem hér er til umfjöllunar er að kanna sýn foreldra með fjölbreyttan bakgrunn í einum leikskóla á höfuðborgarsvæðinu á upphaf leikskólagöngu barna sinna. Í rannsókninni er stuðst við hugtakið fullgildi sem er þýðing á enska hugtakinu belonging. Það vísar til tilfinningar einstaklingsins af félagslegum tengslum ásamt tækifærum til samskipta og þátttöku. Með því er leitast við að skilja hvaða merkingu foreldrarnir leggja í reynslu sína af samskiptum og þátttöku við upphaf leikskólagöngu barna sinna.

Fræðilegur bakgrunnur

Fræðilegur bakgrunnur rannsóknarinnar skiptist í umfjöllun um fullgildi þar sem tekið er mið af kenningu Yuval-Davis (2006, 2011) ásamt rannsóknnum um margræðni fullgildishugtaksins. Gerð er grein fyrir rannsóknnum á reynslu og viðhorfum foreldra með fjölbreyttan bakgrunn til

upphafs leikskólastarfs og rætt um ólík viðhorf foreldra og leikskólakennara til náms og þátttöku barna í leikskólastarfinu.

Fullgildi

Á síðustu árum hefur hugtakið fullgildi (e. belonging) verið notað til að lýsa þeirri grundvallarþörf manneskjunnar að tilheyra fólki, hlutum og stöðum – þörf sem hafi áhrif á nám, hegðun, vellíðan og sjálfsmýnd (May, 2013; Stratigos o.fl., 2014). Hugtakið fullgildi er margslungið og greinir Yuval-Davis (2006, 2011) á milli *tilfinningalegs fullgildis* (e. sense of belonging) og *pólítísku fullgildis* (e. politics of belonging). Tilfinningalegt fullgildi felur í sér tengsl einstaklings gagnvart öðru fólki og stöðum. Þetta sjónarhorn lýsir tilfinningalegu fullgildi sem huglægu og stöðugu fyrirbæri. Á hinn bóginn dregur pólítískt fullgildi athyglina að flóknum ferlum þar sem aðild og takmörkun aðildar í mismunandi hópum verður til og er endursköpuð, þ.e. milli „okkar og hinna“. Ferlin geta tengst valdi sem beitt er til þess að veita sumum hlutdeild eða útiloka aðra (Stratigos o.fl., 2014; Yuval-Davis, 2011). Yuval-Davis (2011) bendir á að beita þurfi fjölbreyttum sjónarhornum til að skoða hvernig mörkin (e. boundaries) milli hlutdeildar og útilokunar verða til innan hópa. Fullgildi getur því tengst því hvernig fólk skilgreinir aðrar manneskjur. Í þeim tilgangi að túlka og skilja fyrirbærið hefur Yuval-Davis (2006) þróað greiningarramma með þremur víddum sem tengjast innbyrðis. Hún nefnir fyrstu víddina *félagslega staðsetningu* (e. social locations) þar sem einstaklingar eru flokkaðir eftir t.d. kyni, aldurshópi, þjóðerni, félagslegri stöðu eða landi. Önnur víddin fjallar um *upplifun manneskjunnar og tilfinningaleg tengsl* (e. human identifications and emotional attachments) og snýst um eigin skynjun eða skynjun annarra á þeirri merkingu sem það hefur að vera meðlimur ákveðins hóps. Yuval-Davis (2011) bendir á að mikilvægt sé fyrir upplifunina af tilfinningalegu fullgildi að vera innan ákveðins hóps. Það hafi sömuleiðis áhrif á valdatengsl innan tiltekins samfélags. Þriðja víddin felur í sér *kerfi siðferðilegra og pólítískra gildakerfa* (e. ethical and political value systems). Þetta merkir að gildi hafa þýðingu í samhengi við fullgildi. Fullgildi snýst ekki aðeins um félagslega staðsetningu, upplifun og tilfinningaleg tengsl, heldur einnig um eigið mat og annarra af hvaða þýðingu það hefur að tilheyra tilteknum hópum og samfélögum.

Að öðlast fullgildi innan sérstakra hópa felur í sér flokkun og getur birst sem menning. May (2013) skilgreinir menningu sem sameiginlega sýn á heiminn, ásamt hugsunum og athöfnum sem hafa áhrif á sameiginlega upplifun af „okkur“ eins og við erum og á það sem við gerum. Menning er þannig oft tengd við hefð sem mótast og endurmótast í sameiginlegu ferli hagnýtra athafna. Tengslin milli menningar og fullgildis (e. cultural belonging) eru alltaf pólítískur gjörningur (e. act) sem á sér stað innan víðari valdakerfa (May, 2013).

Í rannsókn Souto-Manning o.fl. (2021) er varpað ljósi á hvernig hugtakið fullgildi er annars vegar notað hlutlaust og hins vegar sem pólítískt fullgildi. Í rannsókninni deildu nokkrar konur sem voru innflytjendur í Bandaríkjunum frásögnum af skólagöngu sinni. Konurnar upplifðu, í nafni fullgildis, að þær voru flokkaðar sem sérkennslubörn eða með lestrarerfiðleika. Niðurstöðurnar afhjúpa vald sem birtist í nafni fullgildis og ýtti undir jaðarsetningu þeirra sem barna innflytjenda. Bent er á að pólítískt fullgildi tengist valdi sem aðrir taka sér, verður til þess að fólk er flokkað og krafist er að það falli inn í viðmiðið „við og hinir“.

Macartney (2012) ræðir hugtakið fullgildi í tengslum við breytingar í menntun og þátttöku barna með fötlun. Fötluð börn geta upplifað hindranir gagnvart tilfinningalegu fullgildi í leikskólanum þrátt fyrir að kennarar telji að starfshættir þeirra miði að því að veita börnunum hlutdeild í leikskólalífínu. Hugtakið fullgildi getur því verið gagnlegt fyrir kennara til að viðurkenna siðferðilega skuldbindingu sína til að kynnast barninu og fjölskyldunni, auk þess að styðja þátttöku þess og samskipti við félagi.

Foreldrar og leikskólinn

Rannsóknir þar sem leitað er eftir sjónarhorni foreldra á upphaf leikskólagöngu barna sinna sýna að tímamótin eru hlaðin tilfinningum. Foreldrar kljást gjarnan við andstæðar tilfinningar; svo sem létti yfir að fá leikskólapláss en á sama tíma kvíða yfir að láta barnið frá sér (Andenæs, 2011; White o.fl., 2020). Í rannsókn White o.fl. (2020) voru kannaðar tilfinningar og væntingar foreldra við upphaf leikskólagöngu ungra barna í fimm löndum. Foreldrarnir tjáðu óöryggi og kvíða, voru meðvitaðir um áhrif leikskólans á börn sín og áttu í erfiðleikum með að afsala sér stjórn á umönnun barnanna. Þrátt fyrir þessar áhyggjur treystu þeir stofnuninni og faglegru sérþekkingu starfsfólksins. Í annarri rannsókn var könnuð sú merking sem foreldrar og leikskólakennarar lögðu í upphaf leikskólabyrjunar. Þar kom fram að báðir hópar upplifðu stundum óöryggi og voru áhyggjufullir vegna aðlögunar barnanna. Í samstarfinu var leitast við að koma á einstaklingsbundnum leiðum til að auðvelda börnum aðlögunina (Traum og Moran, 2016). Í rannsókn Vuorinen (2018) kom einnig fram áhersla foreldra á að einstaklingsmiða leikskólastarfið. Niðurstöður sýndu að þrátt fyrir fjarveru sína daglangt leituðust foreldrar við að bera ábyrgð á uppeldishlutverki sínu. Í samstarfinu við leikskólann lögðu þeir áherslu á að vellíðan barna sinna og umhyggja fyrir þeim væri tryggð. Foreldrar töldu hæfni kennara við að einstaklingsmiða leikskólavistina mikilvæga. Einstaklingsmiðunin fólst í að foreldrum væri greint frá hvað barnið hefði tekið sér fyrir hendur yfir daginn og að rútínur og viðfangsefni í leikskólanum byggðust á einstaklingsbundnum þörfum barnanna.

Í rannsókn Van Laere og Vandenbroeck (2017) voru viðhorf foreldra með fjölbreyttan bakgrunn til náms könnuð og hvort öll börn væru fullgildir þátttakendur í leikskólasamfélaginu. Einnig voru viðhorf leikskólakennara til sömu þátta könnuð. Foreldrarnir töldu að aðlögun í leikskóla sneri að ríkjandi menningu. Þeir lögðu áherslu á tungumálanám og óttuðust mismunun þar til börnin hefðu náð valdi á tungumálinu. Einnig tengdu sumir foreldrar tungumálakunnáttu við möguleika barnanna til menntunar og starfa síðar á ævinni. Hins vegar óttuðust leikskólakennararnir ekki mismunun og töldu að börnin upplifðu ekki útilokun í leikskólanum. Einnig komu fram ólík viðhorf gagnvart því að ýta undir að börnin yrðu sjálfbjarga, sem kennarar álitu vera á ábyrgð foreldra og barnsins.

Áhersla foreldra á tungumálanám barna birtist einnig í umfangsmikilli rannsókn í fimm löndum (Tobin, 2020). Þar var kannað hvernig leikskólar mættu þörfum fjölskyldna barna sem höfðu innflytjenda- eða flóttamannabakgrunn. Meginniðurstöðurnar sýndu að foreldrar sem voru nýlega komnir til landsins byggðu oft val sitt á leikskóla á ófullnægjandi upplýsingum um gæði hans. Foreldrarnir gerðu sér grein fyrir að börnin þeirra voru eftir á í byrjun leikskólagöngunnar. Margir þeirra höfðu einnig áhyggjur af að börnin væru ekki tilbúin fyrir grunnskólagöngu. Foreldrarnir álitu það ábyrgð leikskólans að brúa bilið og bæta upp vankunnáttu barnanna í ríkjandi tungumáli. Þar sem lítil reynsla var af innflytjendum áttu foreldrar erfiðara með að fóta sig.

Aðrar rannsóknir sýna að foreldrar úr minnihlutahópum hafi almennt litla þekkingu á hvernig daglegu starfi í leikskólum er háttað en á sama tíma hafi þeir áhuga á að vita meira. Foreldrarnir virðast oftast aðhafast í samræmi við væntingar og venjur meirihlutans og stofnunarinnar (Sønsthagen, 2020). Ríkjandi menningstofnunarinnar er yfirgnæfandi í orðræðu. Foreldrar upplifa sig gjarnan utangátta (e. cultural distance) og tungumálaerfiðleikar eru taldir hluti skýringarinnar (Chan og Ritchie, 2016). Þetta rímar við niðurstöður innlendra rannsókna þar sem skort hefur á þátttöku foreldra með erlendan bakgrunn þegar viðhorf foreldra til leikskólastarfs hafa verið til athugunar (Anna Lilja Sævarsdóttir o.fl., 2013; Arna H. Jónsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2017; Jóhanna Einarsdóttir, 2020). Foreldrarnir virðast oft vera einangraðir og þá skortir þekkingu á leikskólastarfi sem er íslenskum foreldrum kunnuglegra (Anna Lilja Sævarsdóttir o.fl., 2013). Í rannsókn Örnú H. Jónsdóttur og Jóhönnu Einarsdóttur (2017) kemur fram að áherslur í fagmennsku leikskólakennara birtust með tvennum hætti í samstarfi við foreldra. Annars vegar þar sem leikskólakennarinn var sérfræðingurinn og mótaði starfið og skólanámskrána. Hins vegar voru áherslurnar lýðræðislegar þar sem meiri áhersla var lögð á þekkingu foreldra á börnum

sínum. Bent er á að þar sem leikskólakennarar líti á sig sem sérfræðinga komi fram ójafnvægi í valdatengslum milli þeirra og foreldra. Þannig hafi leikskólakennarar vald í samskiptunum og það skipti máli hvernig valdið er skilgreint og því beitt. Leggja þurfi áherslu á þekkingu og skoðanir foreldra sem einnig er í samræmi við ákvæði í aðalnámskrá leikskóla.

Í nýlegri íslenskri rannsókn (Björn R. Egilsson o.fl., 2021) var reynsla foreldrahóps með fjölbreyttan bakgrunn af því að tilheyra leikskólasamfélaginu könnuð í lok leikskólagöngu barna þeirra. Sumir foreldranna töldu ávinning af því að tilheyra samfélaginu meðan aðrir töldu mikilvægt að aðgreina heimili og leikskóla. Foreldrarnir litu svo á að það væri val þeirra að tilheyra leikskólasamfélaginu. Bæði tími foreldra og tungumál komu þar við sögu og höfðu áhrif á valið.

Rannsóknarspurningar

Þessari rannsókn er ætlað að veita innsýn í reynslu og viðhorf foreldra með fjölbreyttan bakgrunn í einum leikskóla í Reykjavík við upphaf leikskólagöngu barna þeirra. Með því er leitast við að kanna þá merkingu sem foreldrarnir lögðu í reynslu sína af samskiptum og þátttöku og hvaða þýðingu það hafði fyrir þá að tilheyra samfélagi leikskólans.

Eftirfarandi rannsóknarspurningar leiddu rannsóknina:

- Hver er upplifun foreldra af upphafi leikskólagöngu barna sinna?
- Hver er sýn foreldra á fullgildi í leikskólanum?

Aðferð

Rannsóknin fór fram í einum leikskóla í Reykjavík haustið 2019. Leikskólinn var valinn vegna þess að alllöng reynsla er af samstarfi við fjölskyldur með fjölbreyttan bakgrunn. Börn yngri en tveggja ára byrjuðu á þremur deildum í leikskólanum haustið sem rannsóknin hófst.

Áður en formleg aðlögun hefst er foreldrum, hverjum fyrir sig, boðið á kynningarfund í leikskólanum. Ef um erlenda foreldra er að ræða er fenginn túlkur á fundinn. Á fundinum er rætt um hagi fjölskyldunnar og bakgrunn. Foreldrar eru spurðir um áhuga barnsins og reynslu þess af vistun utan heimilis. Leikskólastarfið er einnig kynnt fyrir foreldrum ásamt fyrirkomulagi fyrstu daga aðlögunar. Skipulag aðlögunarinnar er í anda svokallaðrar þátttökuaðlögunar. Í þátttökuaðlögun er gert ráð fyrir viðveru og þátttöku foreldra með barninu í leikskólanum fyrstu þrjú dagana en á fjórða degi kveðja foreldrarnir börnin. Tilgangurinn er að gefa starfsfólki tækifæri til að læra af foreldrum um venjur barnsins og hvað hentar því best. Jafnframt að börn og foreldrar læri í sameiningu á námsumhverfið í leikskólanum. Fyrirkomulagið á að vera sveigjanlegt eftir þörfum barna og foreldra og stuðla að öryggi þeirra sem tengjast aðlöguninni (Hrönn Pálmadóttir, 2020; Reykjavíkurborg, 2011). Í leikskólanum er einnig farin sú leið að velja lykilpersónu (e. key person) úr starfsmannahópnum fyrir hverja fjölskyldu. Lykilpersónan hefur það hlutverk að þróa tengsl og styðja fjölskyldur í aðlögunarferlinu (Hrönn Pálmadóttir, 2020; Reykjavíkurborg, 2010). Börn og foreldrar þeirra byrja í fámennum hópum í aðlögun og getur því formlegt aðlögunartímabil tekið nokkrar vikur.

Gagnaöflun

Gagna í rannsóknina var aflað með einstaklingsviðtölum. Viðtölin voru hálfopin og viðtalsrammi hafður til hliðsjónar. Hálfopin viðtöl gefa möguleika á að koma inn á efni sem ekki eru fyrir í viðtalsrammanum (Kvale og Brinkman, 2009). Í viðtalsrammanum var m.a. komið inn á breytingar á högum fjölskyldunnar við upphaf leikskólagöngu, val á leikskóla, fyrstu kynni af leikskólanum, aðlögunarferlið ásamt væntingum til leikskólans.

Átta foreldrar sex barna gáfu upplýst samþykki fyrir þátttöku sinni; feður og mæður tveggja barna og mæður fjögurra barna. Börnin voru öll undir tveggja ára aldri og byrjuðu í leikskólanum þá um haustið. Foreldrum var boðið að ákveða hvar viðtölin fóru fram. Þeir völdu ýmist leikskólann, eigið heimili eða vinnustað rannsakanda. Hvert viðtal var um klukkustundarlangt. Þrjú viðtalanna fóru fram á íslensku, eitt með aðstoð túlks og tvö þeirra á ensku. Þegar viðtölin voru tekin höfðu börnin verið í leikskólanum allt frá tveimur upp í fimm mánuði. Eitt barnið hafði verið hjá dagforeldrum áður en leikskólagangan hófst og annað barn hafði verið í ungbarnaleikskóla. Börnin, að frátöldu einu, voru fyrstu börn foreldra sinna í leikskóla. Foreldrar tveggja barna voru með erlendan bakgrunn, tvö barnanna með íslenskan bakgrunn og tvö þeirra með annað foreldri með erlendan bakgrunn. Tvö barnanna voru með sérstakan stuðning í leikskólanum. Til að gæta trúnaðar við þátttakendur er notast við dulnefni í greininni og erlendur bakgrunnur ekki tilgreindur nánar (sjá *Töflu 1 – Yfirlit yfir þátttakendur*).

Tafla 1. Yfirlit yfir þátttakendur.

Þátttakendur	Bakgrunnur
Sif	Báðir foreldrar með íslenskan bakgrunn
Eiríkur og Jóna	Báðir foreldrar með íslenskan bakgrunn
Hannes og Elena	Faðir með íslenskan bakgrunn, móðir með erlendan bakgrunn
Halldóra	Móðir með íslenskan bakgrunn, faðir með erlendan bakgrunn
Valentína	Báðir foreldrar með erlendan bakgrunn
Alexandra	Báðir foreldrar með erlendan bakgrunn

Tilskilinna leyfa fyrir rannsókninni var aflað frá rekstraraðila leikskólans og leikskólastjóra. Deildarstjórar höfðu milligöngu í samskiptum við foreldra og afhentu öllum upplýsingar um fyrirhugaða rannsókn auk beiðni um þátttöku. Upplýsingarnar voru á fjórum tungumálum; íslensku, ensku, litháísku og pólsku. Áhersla var lögð á að þátttakendur gæfu óþvingað og upplýst samþykki fyrir þátttöku og fullum trúnaði var heitið. Tryggt yrði að gögnin yrðu ekki persónugreinanleg og að þeir gætu dregið sig út úr rannsókninni hvenær sem væri (Lichtman, 2013).

Gagnagreining

Viðtölin voru afrituð orðrétt, kóðuð og þemagreind. Greining gagnanna var ekki línulegt ferli, heldur átti sér stað í þrepum þar sem þemu urðu smám saman til í ferlinu. Fyrsta þrepið var að lesa viðtölin oft yfir og kóða. Atlas ti.9 var notað til að kóða gögnin í ljósi rannsóknarspurninganna. Að lokinni kóðun fór fram þemagreining. Hún er sveigjanleg aðferð, notuð til að skipuleggja og greina gögn (Braun og Clarke, 2013). Kóðarnir eru settir saman í þemu sem lýsa endurteknum mynstrum innan gagnasafnsins. Leitast var við að kanna þá merkingu sem foreldrarnir lögðu í upplifun sína af samskiptum og þátttöku og hvaða þýðingu það hafði fyrir þá að tilheyra samfélagi leikskólans. Í greiningunni var einnig lögð áhersla á að koma auga á atriði eða mynstur sem gætu gefið vísbendingar um fleti sem væru mikilvægir í augum þátttakenda. Næsta skref snerist um að skilgreina þemu og tengja þau betur við dæmi úr viðtölunum í þeim tilgangi að skilja samhengi í reynslu og viðhorfum foreldranna. Í framhaldinu voru þemur og dæmin úr viðtölunum borin saman til þess að kanna tengsl milli þeirra og heildargagnanna. Lokaskrefið í greiningunni var framsetning gagnanna þar sem tengt var við rannsóknarspurningar ásamt fræðilegum heimildum.

Niðurstöður

Hér á eftir verður gerð grein fyrir upplifun foreldra af upphafi leikskólagöngu barna sinna, m.a. breytingum í lífi fjölskyldnanna, ákvörðunum um val á leikskóla ásamt reynslu af þátttökuaðlögun

og skipulagi í leikskólanum. Jafnframt er gerð grein fyrir sýn foreldra á samskipti og þátttöku, tengsl og samstarf við leikskólann ásamt áherslum á tungumál og félagsleg samskipti barnanna.

Þegar niðurstöður rannsóknarinnar eru kynntar hér á eftir eru notaðar beinar tilvitnanir til þess að lesandi geti glöggvað sig betur á samhengi gagna og niðurstaðna.

Upphaf leikskólagöngu

Að mati foreldra fól upphaf leikskólagöngu í sér miklar breytingar á lífi fjölskyldnanna. Val á leikskóla, þátttökuaðlögun og skipulag sköpuðu mikilvægan grunn fyrir væntingar foreldranna af samskiptum og þátttöku í samfélagi leikskólans í framhaldinu.

Breytingar á fjölskyldulífi

Niðurstöður gefa til kynna að í hugum foreldra hefði það haft í för með sér miklar breytingar á fjölskyldulífinu að fá leikskólapláss fyrir barnið. Leikskólinn væri jákvætt og mikilvægt skref fyrir börnin. Flestir foreldranna lýstu börnum sínum sem hæfum einstaklingum, sem væru tilbúnir til að stækka heiminn og læra nýja hluti. Elena sagði: „Hann er mjög virkur og forvitinn um allt, og viljugur að læra. Hann gerir líka miklar kröfur á athygli og er mjúkur tilfinningalega.“ Foreldrar drengs sem var þriðja barnið í systkinaröð töldu hann fá aðra félagslega stöðu í leikskólanum en heima. Jóna komst svo að orði: „Að fá tækifæri til að takast á við nýja hluti, t.d. að vera með jafningjum í stað þess að vera litla barnið á heimilinu.“

Á hinn bóginn komu fram blendnar tilfinningar gagnvart því að börnin byrjuðu svo ung í leikskóla. Foreldraorlofið væri of stutt og dagarnir í leikskólanum of langir. Börnin væru því oft þreytt eftir daginn. Foreldrarnir sögðust reyna að stytta daginn eftir fremsta megni. Hins vegar kallaði framfærsla fjölskyldunnar, atvinnulífið og nám á þessa löngu fjarvistir barnanna frá foreldrum. Eiríkur sagði: „Þetta eru svölítið langir dagar fyrir hann og við getum voðalega lítið breytt því.“

Einnig nefndu sumir foreldranna kvíða sinn áður en barnið byrjaði í leikskólanum. Þeir veltu fyrir sér hvernig barnið myndi takast á við breytingarnar og verða hluti af fjölmönnum barnahópi. Valentína sagði frá því að dóttir hennar hefði ekki umgengist mikið önnur börn. „Hún var náttúrulega alltaf heima með mömmu, svo ég hafði áhyggjur af því að þetta yrði svölítið erfitt. Hún fór aldrei til ókunngra.“

Fram kom hjá viðmælendum að leikskólinn létti álagi af fjölskyldunni og veitti foreldrum mikilvæg tækifæri. Foreldrar tveggja barna lýstu mikilvægi þess að fá forgang og stuðning í leikskóla vegna greiningar á frávikum í þroska barna sinna. Það veitti þeim öryggi og möguleika á atvinnuþátttöku eins og öðrum foreldrum. Sif lýsti tilfinningum þeirra hjóna þegar ljóst var að barnið þeirra þyrfti mikinn stuðning við allar athafnir daglegs lífs og þess vegna gætu þau ekki reitt sig á dagforeldra: „Þannig að það var nú nokkuð fljótt og bara snemma sem við fórum að hugsa, hvað tekur við, munum við einhvern tímann aftur fara að vinna og allt það og hvenær þá?“

Val á leikskóla

Það var mikilvægt fyrir foreldra að hafa val um leikskóla fyrir barnið. Valið réðst af margvíslegum þáttum, svo sem nálægð við heimili eða vinnustað, gott orðspor, reynslu vegna eldri barna í leikskólanum og vegna fjölbreytts barnahóps sem þar var. Foreldrar nokkurra barna fóru í heimsókn í leikskólann áður en endanleg ákvörðun var tekin um að þiggja plássid sem þeim stóð til boða. Í slíkri heimsókn höfðu góðar móttökur í leikskólanum áhrif á ákvörðun foreldra sem höfðu upphaflega sótt um hverfisleikskóla. Sif sagði:

Mér fannst hún [leikskólastjórinn] taka mjög vel utan um okkur, ég var rosalega ánægð með þjónustuna sem ég fékk hjá þeim. Þegar við komum aftur út í bíl þegar við vorum búin að skoða þá hugsaði ég: „Við þurfum ekki að skoða hinn.“ Ég var bara alveg seld þarna í fyrsta skiptið.

Halldóra sagði frá því að hún hefði tekið barnið sitt úr öðrum leikskóla þar sem voru miklar mannabreytingar, neikvætt viðmót og skortur á stuðningi vegna tímabundinna erfiðleika barnsins með svefn. Hún sagði: „Við sóttum um þennan leikskóla þar sem við höfðum heyrt vel af honum látið og búum einnig nálægt. Við urðum mjög ánægð með að fá plássíð.“

Val Alexöndru byggðist á að í leikskólanum væri barnahópur með fjölbreyttan bakgrunn. Hún sagði: „Ég vildi að hún yrði í fjölbreyttum barnahópi og hér er fjölbreyttur hópur sem talar mörg tungumál frá ólíkum heimshlutum, ég er mjög ánægð með það.“

Til að auðvelda börnunum breytingarnar byrjaði undirbúningur flestra foreldra áður en formleg aðlögun í leikskólanum hófst. Nokkrir fóru í heimsókn í leikskólann og garðurinn var stundum heimsóttur síðdegis eftir að leikskólinn lokaði.

Þátttökuaðlögun og skipulag

Þrátt fyrir að leikskólaláss bjóðist að hausti er gert ráð fyrir að börnin byrji í aðlögun á ólíkum tímum í fámennum hópum. Aðlögunin tekur því nokkurn tíma og getur skapað álag frá því að foreldraorlofi lýkur eða barnið hættir hjá dagforeldrum þar til það byrjar í leikskólanum. Þeir foreldrar sem höfðu tök á urðu að reiða sig á stuðning frá nánustu fjölskyldu sem hljóp í skarðið meðan foreldrar unnu. Foreldrarnir með erlendan bakgrunn sem höfðu minna félagslegt net urðu að nýta sumarleyfisfisdaga sína til skiptis til að vera heima hjá barninu þar til aðlögun hófst.

Leikskólinn byggði á skipulagi þátttökuáðlögunar. Gert var ráð fyrir viðveru foreldra fyrstu fjóra dagana, sem lengdust smám saman. Foreldrar annast eigið barn meðan á aðlögun stendur. Á fjórða degi er gert ráð fyrir að foreldrar leggi börnin til hvíldar. Í flestum tilfellum skiptu foreldrar tímabilinu á milli sín. Nokkrir foreldranna gátu ekki nýtt sér tímasetningu á upphafi aðlögunar sem þeim var boðið upp á sökum heimsókna til heimalanda sinna. Í leikskólanum var tekið tillit til þess og dagsetningar færðar til. Að mati foreldra birtist fagmennska leikskólakennara ekki hvað síst í sveigjanleika, áhuga og skilningi á aðstæðum fjölskyldunnar. Túlkur í kynningarviðtali ásamt fyrstu dögum aðlögunar skipti miklu máli til að brúa tungumálabil. Einnig hefði verið gagnlegt þegar leitað var til fólks innan leikskólans sem talaði sama tungumál og foreldrarnir til að deila upplýsingum eða leysa vandamál sem upp komu í aðlögunarferlinu.

Upplifun foreldra á fyrirkomulagi þátttökuáðlögunarinnar var mismunandi. Hannes sagði:

Ég held að meginerfiðleikarnir við aðlögunina hafi falist í að við vorum til staðar. Mér fannst aðlögunin aðeins of löng og við þurftum að vera til staðar mikinn hluta tímans. Mér fannst eins og við hefðum getað farið í burtu fyrr.

Hins vegar taldi Halldóra að aðlögunin hefði gengið mjög vel og fannst gott að vera boðið inn á kaffistofu starfsmanna meðan dóttir hennar svaf. Móðir lýsti því að veikindi barnsins fyrstu mánuðina hefðu haft áhrif á að leikskólinn fengi fastan sess í lífi þeirra. Aðlögunin hefði því í raun tekið nokkra mánuði.

Í aðlögun kom í ljós að sum barnanna voru ekki tilbúin til að leggja sig á þeim tíma sem gert var ráð fyrir í leikskólanum. Svefn barnanna var því sumum foreldranna nokkuð áhyggjuefni. Svefnvenjur heima og í leikskólanum væru mjög ólíkar. Foreldrarnir töldu þó mikilvægt að breyta svefnvenjum heima til þess að aðlaga börnin að skipulagi leikskólans.

Skipulag og reglur á deildum með svo ungum börnum komu sumum foreldranna ókunnunglega fyrir sjónir. Elena lýsti nýjum veruleika sem mætir foreldrum og börnum við upphaf leikskólagöngunnar:

Við erum ekki vön að vera með svona miklar reglur heima. Þú skilur, bara gerum það sem okkur dettur í hug – en í leikskólanum þarft þú að sofa og borða á ákveðnum tímum, líka vel við alla og deila leikföngum. Já, allt er nýtt.

Sif tók undir þetta og sagði: „Ég gerði mér ekki grein fyrir áður en ég kom þarna inn og sá hvað var mikið prógram. Hvað tíminn flýgur og hvað er mikil svona, það er hæfilega mikið magn af aga versus frjálst.“

Foreldrarnir sögðust lítið hafa kynnst öðrum foreldrum meðan á aðlögun stóð. Allir væru uppteknir af eigin barni. Sif taldi fötlun barnsins síns mögulega hafa haft áhrif á tengsl hennar við aðra foreldra í ferli þátttökuaðlögunarinnar. Hún sagði:

Maður hittir foreldrana svona þegar maður er að leggja og svona og mér finnst við vera svona þínu en auðvitað er hann á allt öðru leveli, hann bondar ekki, hann er ekki jafn mikið með krökkunum kannski eins og önnur börn. Þannig að við erum samt svona sér á báti þar inni.

Að sögn voru foreldrar í mestum samskiptum við deildarstjóra þá daga sem formleg aðlögun stóð yfir. Einungis eitt foreldri nefndi samskipti sín við lykilmáttöku fjölskyldunnar. Hins vegar voru foreldrar barnanna sem fengu sérstuðning í miklum samskiptum við þá sem sinntu stuðningnum í leikskólanum.

Til að gefa nánustu fjölskyldu hlutdeild í fyrstu skrefum barnsins í leikskólanum sendu foreldrar gjarnan myndir. Myndirnar lýstu yfirleitt þátttöku barnanna í athöfnum sem voru andstæða þess sem gert var heima. Jóna sagði frá mynd sem hún tók: „Ég tók mynd af honum þar sem hann var að borða. Það var nú bara af því að hann var svo sætur og ég sendi ömmunum. Hann var svo sætur með skeiðina sína að borða sjálfur.“

Samskipti og þátttaka

Í hugum foreldra var fullgildi samofid tilfinningunni af trausti og öryggi í garð leikskólans. Mikilvægt væri að leikskólinn stuðlaði að tengslum og samstarfi við foreldra, auk þess að leggja áherslu á tungumál og félagsleg samskipti barnanna í því augnamiði að þau upplifðu fullgildi innan barnahópsins.

Tengsl og samstarf

Samskipti við leikskólastjóra og deildarstjóra í byrjun sköpuðu mikilvægan grunn fyrir áframhaldandi tengsl. Mikilvægt þótti að finna að hlustað væri á foreldra og virðing borin fyrir sjónarmiðum þeirra. Það væri mikilvægt að kennarar skildu að líðan foreldra og barna væri samtvinnað. Elena orðaði það svo: „Ef mér líður eins og ég tilheyri þá líður honum eins.“ Áhugi á barninu og vellíðan þess var talið lykilmáttöku. Að starfsfólk sýndi barninu áhuga fremur en að einblína á fötlun þess gæfi t.d. skýrt til kynna að barnið væri velkomið og ætti heima í leikskólanum. Það lýsti faglegum metnaði þegar foreldrar upplifðu að vandað væri til vals á þeirri persónu sem sinnti sérstuðningi við barnið. Sif sagði:

Þau voru bara að fara að tækla allt, mér fannst þau bara, vildu ekkert vita hvað þau voru að fara að taka að sér. En þau tóku þessu bara alveg eins og hverju öðru barni og upplýstu alveg um það um leið að hann yrði með í öllum athöfnum.

Það kom skýrt fram í máli viðmælenda að það var talið vera hlutverk leikskólakennara að leiða samstarfið og skapa traust í samskiptum við foreldra. Foreldrarnir lýstu sig tilbúna til að leggja starfinu lið en vildu að leikskólinn hefði frumkvæði í að óska eftir liðsinni þeirra. Mikil áhersla var lögð á dagleg samskipti og upplýsingastreymi til foreldra jafnt og þétt. Gott væri að fá hagnýtar upplýsingar um mat og svefn, ásamt upplýsingum um framfarir og nám hvers og eins

barns. Mikilvægt væri að heyra hvernig barninu hefði líðið yfir daginn, eða ef eitthvað hefði farið úrskeiðis. Það gæti lítað líðan barnsins þegar heim væri komið. Hannes benti á:

... eins og hvernig stemning dagsins hafi verið og ég held að það væri gott að vita eitthvað svona. Eitthvað gerðist. Kannski var þessi dagur mjög erfiður og þá væri gott að vita það. Já, en eins og ég sagði veit ég ekki hvernig ég á að koma þessum upplýsingum á framfæri nema bara segja það. En það er eitthvað sem gæti verið gott.

Miðað við þann stutta tíma sem foreldrarnir höfðu verið í samstarfi við leikskólann rékti almenn ánægja með starfið, líðan barnanna sem og þeirra eigin. Þau voru upp til hópa sátt við að ákvarðanir um að skipulag starfsins væri í höndum leikskólakennara. Þeir væru sérfræðingar með langt nám að baki og í leikskólanum væri annars konar þekking en hjá foreldrum. Hannes sagði: „Ég sé enga ástæðu til að breyta hlutum eins og er. Ef það væru tækifæri til að leggja eitthvað af mörkum, annað en að vera í foreldrafélagi, væri ég tilbúinn til þess.“ Í ljósi þeirrar fagmennsku sem foreldrar upplifðu var ekki talið erfiðleikum bundið að spyrja spurninga eða gera athugasemdir við starfið.

Í leikskólanum er útbúin bók fyrir hvert og eitt barn sem ætlað er að fari á milli heimils og skóla. Í bókinni er að finna skráningar í máli og myndum af námsferli barnanna í leik og starfi. Foreldrar töldu gott að hafa aðgang að bókunum, geta rætt og skoðað með barninu og nánustu fjölskyldu heima fyrir. Í gegnum bókina töldu þau sig geta glöggvað sig vel á daglegu lífi og námi barnanna. Þau höfðu jafnframt möguleika á að bæta inn og deila myndum og frásögnum af lífi barnsins heima með leikskólanum. Hins vegar bentu foreldrar sem höfðu reynslu af leikskólagöngu annarra barna sinna á að í gegnum aðlögunina upplifðu foreldrar aðeins brot af því hvað leikskólastarf snerist um. Ekki áttuðu allir foreldrar sig á tilgangi ýmissa stunda á dagskipulagi deilda í leikskóla. Þeir þyrftu t.d. að skilja hvernig daglegt líf barnanna í leikskólanum og málörvun tengdist. Leikskólinn ætti að sýna foreldrum með skýrum hætti hvernig og hvar unnið væri með félagsfærni, málörvun og sjálfsbjörg í starfinu. Jóna sagði:

Svo kemur maður í foreldraviðtal og þá er bara félagsfærni hans er svona og svona, gengur vel á þessu, sjálfsbjörg eitthvað svona, málörvun, talar ágætlega ... eitthvað, ég sé ekkert af þessu í starfinu, af því ég fæ ekki upplýsingarnar. Ég veit ekki hvernig þær eru að gera þetta.

Í viðtölunum kom fram að foreldrarnir lögðu fremur áherslu á samskipti og tengsl við leikskólakennara en milli foreldra innbyrðis. Foreldrar væru oftast tímabundnir á morgnana og uppteknir af eigin barni. Einnig stöldrúðu þeir stutt við í leikskólanum þegar börnin væru sótt. Eiríkur sagði: „Ég kem á nákvæmlega sama tíma og einn annar pabbi, þetta er nú svoddan rútína á morgnana, ég heilsa honum voða kumpánlega en ég held ég hafi ekki sagt neitt annað við hann.“

Tungumál og félagsleg samskipti

Þegar rætt var um birtingarmyndir erlends bakgrunns barnanna í leikskólanum höfðu foreldrarnir ekki velt þeim mikið fyrir sér. Þeim fannst þó mikilvægt að fjölbreytt tungumál sem töluð eru innan leikskólans endurspegluðust í leikskólaumhverfinu. Þannig upplifðu fjölskyldur með erlendan bakgrunn sig velkomnar og að þær væru hluti af leikskólanum. Ánægja var með sérstakar tungumálavikur þar sem foreldrar voru beðnir um að þýða orð á sitt tungumál og þau síðan notuð til að merkja ákveðna staði í leikskólanum. Elena sagði: „Það er meira eins og að segja að þú sért velkominn. Ég tel að það skipti máli í rauninni, töluvert miklu. Já. Það er vakin athygli á þessu og þér finnst vera áhersla á þetta.“ Alexandra tók í sama streng en hún hafði sjálf alist upp í fjölbjódlegu umhverfi. Hún sagði:

Þau hafa tekið frumkvæði að nálgast fjölmennunguna, að setja upp á hurðina orð eins og góðan daginn á mismunandi tungumálum. Ég held að þau einblíni heilmikið á menningarlega þætti vegna þess að barnahópurinn er svo fjölbreyttur. Kennarahópurinn

er líka fjölbreyttur ... Þau tengja líka við fullt af íslenskum hlutum inn eins og þorablót. Hún verður að koma í leikskólann í lopapeysu og þau fá víkingahatta, sem er frábært.“

Foreldrarnir voru sammála um að námið í leikskólanum ætti að snúast um mannleg samskipti. Börnin lærðu samkennd af því að vera innan um önnur börn. Smám saman mynduðust tengsl milli barna og starfsmanna og nöfn ákveðinna barna og starfsmanna væru nefnd heima. Sif taldi það skipta miklu hvernig stuðningur væri veittur í sambandi við hvort barnið hennar upplifði að hann tilheyrði barnahópnum eða ekki. Í leikskólanum væri lögð áhersla á að barnið hennar tæki þátt í öllum athöfnum með öðrum börnum þrátt fyrir fötlun sína. Hún sæi miklar framfarir hjá drengnum og að hann væri að verða félagslyndari en áður: „Ekki verið að líma barnið við stuðninginn, hann lærir söngva og málþroski hefur tekið kipp.“

Á þeim stutta tíma sem liðinn var frá því að börnin byrjuðu í leikskólanum höfðu þau, að sögn foreldra, lært margt. Máltaka barnanna á íslensku var þeim öllum hugleikin og tengdist í huga nokkurra foreldra tilfinningunni af fullgildi innan samfélags leikskólans. Alexandra sagði stolt frá hversu fljót dóttir hennar væri að ná tókum á íslensku: „Bara að sjá hana ánægða og hvað hún er búin að læra mikið. Mér líður eins og ég tilheyrir, vitandi að hún lærir tungumálið fljótt.“

Foreldrar töluðu allir um að málnotkun barnanna hefði eflst, þau væru orðin félagslyndari og sjálfstæði þeirra hefði aukist síðan þau byrjuðu í leikskólanum. Valentínu fannst jákvætt þegar hún sá að dóttir hennar yfirfærði það sem hún lærði í leikskólanum á aðstæður heima fyrir. Hún sagði í þessu samhengi:

Hún er orðin miklu sjálfstæðari, t.d. eins og núna vill hún bara borða ein, vill ekki láta mata sig heima eins og var gert áður. Þegar hún byrjaði var hún alveg mötuð og þegar hún byrjaði hér þá vildi hún vera eins og hin börnin þannig að hún hætti að vilja láta mata sig heima líka.

Mikilvægt þótti að ýtt væri undir tungumálið með því að lesa og syngja með börnunum. Ein móðirin nefndi að það væri einnig ánægjulegt ef sungið væri á móðurmáli barnanna. Það gæfi henni tækifæri á að syngja með barninu heima fyrir.

Umræða

Markmið rannsóknarinnar er að kanna sýn foreldra með fjölbreyttan bakgrunn á upphaf leikskólagöngu barna sinna. Leitast er við að skilja hvaða merkingu foreldrarnir leggja í reynslu sína af samskiptum og þátttöku í leikskólanum. Í rannsókninni er stuðst við hugtakið fullgildi sem er þýðing á enska hugtakinu belonging. Það vísar til tilfinningar einstaklingsins af félagslegum tengslum ásamt tækifærum til samskipta og þátttöku. Hér á eftir verða meginniðurstöður rannsóknarinnar ræddar í ljósi rannsóknarspurninganna.

Upphaf leikskólagöngu

Í niðurstöðum kom fram að foreldrarnir litu á leikskólaláss sem stóran áfanga sem skapaði mikilvæg tækifæri fyrir börnin sem og foreldra. Forgangur í leikskóla fyrir börn sem þurftu á sérstuðningi að halda tryggði, að mati foreldra, jafnræði milli fjölskyldna, auk öryggis barnanna. Þrátt fyrir að breytingarnar væru litnar jákvæðum augum þá einkenndust tímamótin einnig af togstreitu. Leikskólavistin dró úr álagi á fjölskyldur en kvíði og óöryggi gerði einnig vart við sig. Skipulag og aðstæður heima fyrir og í leikskólum væru ólíkar og barninu gæti reynst erfitt að takast á við breytingarnar. Hins vegar lögðu foreldrar áherslu á að börnin aðlöguðust leikskólalífínu og treystu fagmennsku leikskólakennara. Þetta rímar við aðrar rannsóknir þar sem foreldrar lýstu svipuðum, gjarnan kvíðablöndnum, tilfinningum við upphaf leikskólagöngu barna sinna en treystu á sama tíma leikskólanum og faglegru sérþekkingu starfsfólksins (Traum og Moran, 2016; White o.fl., 2020).

Niðurstöður sýna að leikskólabyrjunin fól í sér miklar breytingar á högum nokkurra fjölskyldna. Leikskólaumhverfið og tungumálið var framandi. Skortur á félagslegu neti skapaði erfiðleika við að brúa bil sem myndaðist þegar börnin höfðu fengið pláss í leikskóla þar til formleg aðlögun hófst. Einnig höfðu sum barnanna verið í litlum samskiptum við aðra utan heimilis. Veikindi barna gátu einnig sett strik í reikninginn þannig að lítil samfella myndaðist fyrstu mánuði leikskólagöngunnar. Þetta er í samræmi við rannsóknir sem sýna að leikskólabyrjun getur reynst flókið úrlausnarefni fyrir fjölskyldur sem þurfa að takast á við miklar breytingar á þessum tímamótum og að hætta sé á að foreldrar t.d. með erlendan bakgrunn upplifi sig síður sem þátttakendur í leikskólastarfinu (Lazzari o.fl., 2020; Tobin, 2020). Það má því velta fyrir sér hvort sterkari áhersla á lykilpersónu fyrir hverja fjölskyldu gæti stutt enn frekar við þá sem er hætt við jaðarsetningu í samfélagi leikskólans t.d. sökum tungumálaörðugleika eða sérstakra þarfa barna þeirra.

Nær allir þátttakendur voru með sitt fyrsta barn í leikskóla auk þess sem bakgrunnur og reynsla var margvísleg. Með því að velja leikskóla fyrir börnin töldu foreldrar sig fremur geta tryggt einstaklingsbundna umhyggju og öryggi. Foreldrum fannst mikilvægt að aðlögun í leikskóla væri sveigjanleg og skipulögð út frá þörfum hverrar fjölskyldu. Þátttaka foreldra í aðlögun barnanna virðist að flestu leyti snúast um eigið barn. Þessar niðurstöður koma heim og saman við rannsókn Vuorinen (2018) sem sýndi einnig að foreldrar leggja mikið upp úr færni leikskólakennara við að einstaklingsmiða aðlögun barna sinna í þeim tilgangi að auðvelda börnunum breytingarnar. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að foreldrarnir hafi litið á þátttöku sína í aðlögunarferlinu fyrst og fremst sem stuðning við barnið til að takast á við breytingarnar fremur en að kynnast öðrum foreldrum. Jafnframt var mikilvægt að mynda tengsl við leikskólakennara í þeim tilgangi skapa gagnkvæmt öryggi og vellíðan foreldra og barna. Yuval-Davis (2006, 2011) bendir á að tilfinningalegt fullgildi felí í sér grundvallarþörf manneskjunnar í að tilheyra fólki, hlutum og stöðum.

Sýn á fullgildi

Í hugum foreldra var fullgildi samofið tilfinningunni af trausti og öryggi í garð leikskólans. Mikilvægt væri að leikskólinn stuðlaði að tengslum og samstarfi við foreldra, auk þess að leggja áherslu á tungumál og félagsleg samskipti barnanna í því augnamiði að þau upplifðu fullgildi innan barnahópsins. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að leikskólinn leitaði á ýmsan hátt eftir samskiptum við foreldra og þátttöku þeirra í starfinu. Úrræði sem nýtt voru í upphafi leikskólagöngunnar, svo sem tülkaþjónusta og erlent starfsfólk, studdu vel við samskipti við foreldra af erlendum uppruna. Starfshættir miðuðu að því að bregðast við einstaklingsbundnum þörfum barnanna innan barnahópsins. Stuðningur við þau börn sem þurftu á sérstuðningi að halda var unninn í nánú samstarfi við foreldra. Þetta er í samræmi við áherslur náms án aðgreiningar og fjölmenningarlegra starfshátta þar sem tilgangurinn er að fjölbreyttir foreldra- og barnahópar upplifi möguleika á þátttöku og að þeir tilheyri leikskólanum (Hanna Ragnarsdóttir o.fl. 2016; Van Laere og Vanderbroeck, 2017).

Allir foreldrarnir lögðu áherslu á að leikskólastarfið byggðist á einstaklingsmiðun auk áherslu á félagslega þætti. Tungumál voru öllum foreldrum hugleikin, enda börnin á mikilvægu máltökuskeiði. Foreldrar með erlendan bakgrunn lögðu áherslu á að börnin lærðu íslensku í leikskólanum. Framfarir í tungumálinu hefðu áhrif á félagsleg samskipti og væru merki um að börnin öðluðust fullgildi innan samfélagsins í leikskólanum. Aðrar rannsóknir sýna einnig að foreldrar leggja mikið upp úr að aðlagast ríkjandi menningu í upphafi leikskólagöngu barna sinna (Sønsthagen, 2020; Van Laere og Vandenbroeck, 2017).

Flestir foreldranna voru með sín fyrstu börn í leikskóla og dagskipulagið kom sumum þeirra ókunnuglega fyrir sjónir. Einnig virtust þeir hafa litla þekkingu á áherslum í námskrá leikskólans. Foreldrar sem höfðu reynslu af fyrri leikskólagöngu barna sinna bentu á að það þyrfti að útskýra og sýna foreldrum betur á hverju starf í leikskóla byggðist. Aðrar rannsóknir hafa sýnt að hætta er á að foreldrar sem ekki hafa reynslu og þekkingu á menntakerfinu taki síður þátt í skólastarfi

(Lazzari o.fl., 2020; Tobin, 2020). Yuval-Davis (2011) bendir á að pólitískt fullgildi beini athyglinni að ferlum þar sem bæði aðild og takmörkun aðildar að mismunandi hópum verður til, þ.e. milli „okkar og hinna“. Frá upphafi leikskólagöngu er samstarf milli leikskóla og foreldra ferli sem felur í sér hugmyndir um þátttöku og rétt foreldra til áhrifa á vettvangi leikskólans.

Þrátt fyrir að niðurstöður rannsóknarinnar sýni að lýðræðislegir starfshættir hafi að mörgu leyti einkennt upphaf leikskólagöngunnar virtust foreldrar líta svo á að valdið lægi að mestu hjá leikskólakennurum, sérfræðingunum. Niðurstöðurnar eru áhugaverðar í ljósi þess að Arna H. Jónsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir (2017) töldu valdaójafnvægi milli leikskólakennara og foreldra minna þar sem lýðræðislegir stjórnunarhættir voru viðhafðir en þar sem leikskólakennarar litu á sig sem sérfræðinga. Foreldrarnir lögðu áherslu á að skipulag leikskólustarfsins væri í höndum fagmanna og að börnin aðlöguðust þeim reglum sem giltu í leikskólanum. Það væri einnig hlutverk og ábyrgð leikskólans að byggja upp og viðhalda samstarfi við foreldra. Aðrar rannsóknir sýna einnig að foreldrar virðast oftast aðhafast í samræmi við venjur meirihlutans og stofnunarinnar (Sønsthagen, 2020). Við þróun fjölmenningslegrs skólustarfs er því brýnt að leikskólakennarar ígrundi hvernig fagmennska og vald birtist í starfsháttum þeirra og samskiptum við foreldra í leikskólanum.

Rannsóknin er hluti af stærri rannsókn þar sem leitað var eftir sýn foreldra, barna og kennara á að tilheyrja leikskólasamfélagi. Heildarrannsóknin var styrkt af:

- Rannís, Educational Continuity: Supporting Positive Transition for Children from Diverse Backgrounds / Fararheill nr. 163325-052.
- NordForsk, Politics of belonging: Promoting Children's Inclusion in Educational Settings across Border nr. 85644
- Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

Experiences and views of parents with diverse background of belonging to a preschool community in the transition from home to preschool.

This article is based on a study that sought to understand the experiences and views of parents with diverse backgrounds and their meaning of *belonging* to a preschool community in the context of their children's transition to preschool. The relocation of people from other countries has significantly increased the diversity of families of preschool children in Iceland. Moreover, an increasing number of children are now entering preschool at younger ages. The transition from home to preschool can be complex and challenging for parents and children (Tobin, 2020). In Iceland, where inclusive schooling is based on democratic practices that emphasise equity, it is the official policy that all children participate in pedagogical work (Mennta- og menningarmálaráðuneytið [Ministry of Education and Culture], 2011). The present study is inspired by Yuval-Davis's theory (2006, 2011) regarding the multifaceted concept of belonging and research addressing this notion. Belonging is thought to be related to the basic human need to experience a sense of belonging to other people, places and things; as such, an individual's experience of belonging affects their learning, behaviour, well-being and self-perception (May, 2013; Stratigos et al., 2014). Yuval-Davis (2011) also distinguished between the *sense of belonging* and the *politics of belonging*.

This article will answer the following two questions:

- What are parents' experiences when transitioning from home to preschool?
- What are parents' experiences and views regarding belonging to a preschool community?

The staff of the preschool participating in the study had extensive experience working with families from diverse backgrounds. Children younger than two years of age begin preschool in the fall, and during the transition process, parents are expected to participate with their child for a few days to give staff the opportunity to learn about each child's routines from their parents; at the same time, children and parents become familiar with the preschool's learning environment. Because this arrangement must be flexible to accommodate the needs of children and their parents and promote security for everyone involved, a specific staff member is selected to develop close relationships with certain families (Hrönn Pálmadóttir, 2020; Reykjavíkurborg [City of Reykjavik], 2010). Data for the present study were collected using qualitative research methods. Individual semi-structured interviews were conducted with eight parents of six children under the age of two. Both parents of two children had foreign backgrounds, the parents of another two children were Icelandic, and one parent of two of the children had a foreign background; notably, two of the children received additional support in the preschool. For all the parents except one couple, this collaboration with the preschool was their first experience. A data analysis was performed through thematic analysis, a flexible method used to plan and analyse data (Braun & Clarke, 2013); and the findings were categorized into two themes: Transition to preschool and communication and participation. The transition to preschool resulted in significant changes to family life; some of the parents reported that they experienced anxiety before their child started preschool, because they found it difficult to imagine how their child would cope with the changes and become part of a large group of children. It was therefore important for parents to be able to choose which preschool their child attended. Communicating with the preschool director and unit leader in the beginning forms an important basis for continued connections with the preschool. Parents consider being listened to and having their views respected to be important, and teachers should understand that the well-being of parents and that of children are intertwined. Having an interpreter present in the introductory preschool interview and during the first days of adjustment is essential to bridge the language gap. It is also useful to contact people within the preschool who speak the same language as the parents to share information or resolve problems that arise during the adjustment process. The parents' sense of belonging was intertwined with opportunities for them and their children to communicate and participate in the preschool community. It was the preschool teachers' role to lead the collaboration and create trust through communication with parents. Additional emphasis was placed on daily communication and a regular flow of information to parents. All the parents were concerned about their children's language acquisition, and some connected this to the feeling of belonging to the preschool community; they also felt it was important that the different languages spoken within the preschool were reflected in the school's environment. The parents were unfamiliar with one another, however, and had limited contact with other parents in the preschool. According to Yuval-Davis (2011), it is crucial to experience the sense of belonging to a certain group and this can affect power relations within society. While parents' views and experiences related to the meaning of belonging in a preschool community may differ, some families' experiences while transitioning and their sense of belonging present a complex challenge; during the transition process from home to preschool, families who are at risk of being marginalised require particular attention and support.

Key words: parents, diverse background, preschool, transition, belonging.

Um höfund

Hrönn Pálmadóttir (hropalm@hi.is) er dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi í menntunarfræði ungra barna frá Háskóla Íslands árið 2015. Helstu áherslusvið í rannsóknum eru sjónarhorn yngstu leikskólubarnanna á samskipti og leik ásamt upphafi leikskólagöngu fjölbreytts hóps barna. Hrönn hefur tekið þátt í bæði norrænum og alþjóðlegum rannsóknarverkefnum um margvíslegar áskoranir í daglegu lífi barna í leikskólum.

About the author

Dr. Hrönn Pálmadóttir (hropalm@hi.is) is an associate professor of early childhood education and care at the School of Education, University of Iceland. She has broad experience in the field of early childhood education and early childhood teacher education. The main focus in her current research is the youngest children's perspectives on their preschool experiences and transition from home to preschool. Pálmadóttir has been involved both in Nordic and international research projects on various issues and challenges to children's everyday lives in preschools.

Heimildir

- Andenæs, A. (2011). Chains of care. *Nordic Psychology*, 63(2), 49–67. <https://www.tandfonline.com/doi/abs/10.1027/1901-2276/a000032>
- Anna Lilja Sævarsdóttir, Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Hermína Gunnþórsdóttir. (2013). Foreldrasamstarf og fjölmennning. Samskipti deildarstjóra við erlenda foreldra sem ekki tala íslensku. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <http://netla.hi.is/greinar/2013/ryn/016.pdf>
- Arna H. Jónsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2017). Áherslur og valdatengsl í samstarfi starfsfólks og foreldra í leikskólum. *Sérít Netlu 2017 – Innsýn í leikskólastarf*. http://netla.hi.is/serrit/2017/innsyn_leikskolastarf/004.pdf
- Björn R. Egilsson, Jóhanna Einarsdóttir og Dockett, S. (2021). Parental experiences of belonging within the preschool community. *International Journal of Early Childhood*, 53(1), 31–47. <https://doi.org/10.1007/s13158-021-00281-z>
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research. A practical guide for beginners*. Sage.
- Broberg, M. (2017). Betydelsen af innskolning och trygghet för de yngsta barnen i förskolan. Í I. Pramling-Samuelsson og A. Jonsson (ritstjórar), *Förskolans yngsta barn – perspektiv på omsorg, lärande och lek* (bls. 33–54). Liber AB.
- Chan, A. og Ritchie, J. (2016). Parents, participation, partnership: Problematizing New Zealand early childhood education. *Contemporary Issues in Early Childhood*, 17(3), 289–303. <https://doi.org/10.1177/1463949116660954>
- Cottle, M. og Alexander, E. (2014). Parent partnership and 'quality' early years services: Practitioners' perspectives. *European Early Childhood Education Research Journal*, 22(5), 637–659. <https://doi.org/10.1080/1350293X.2013.788314>
- Hagstofa Íslands. (e.d.-a). Börn í leikskólum með erlent móðurmál 1998–2020. https://eur02.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fpx.hagstofa.is%2Fpxis%2Fpxweb%2Fis%2FSamfelag%2FSamfelag__skolamal__1_leikskolastig__0_lsNemendur%2FSKO01103.px%2Ftable%2FtableViewLayout1%2F%3Fraxid%3D6e9ac9de-d81f-4da9-9296-558f2033dd87&data=04%7C01%7Chropalm%40hi.is%7C13bfcd0485854d608d2208d99e0503f9%7C09fa5f0e211846568529677ed8fdbe78%7C0%7C0%7C637714566640225583%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luZSliLCJBTiI6Ikh1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C1000&data=u6doLDCfbEWZmKjb5NcOqzxc%2Bakw5isYBHfh%2BJMVPDk%3D&reserved=0

- Hagstofa Íslands. (e.d.-b). Börn í leikskólum sem nutu sérstaks stuðnings 1998–2020. https://eur02.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fpx.hagstofa.is%2Fpxis%2Fpxweb%2Fis%2FSamfelag%2FSamfelag__skolamal__1_leikskolastig__0_lsNemendur%2FSKO01105.px%2Ftable%2FtableViewLayout1%2F%3Frqid%3D2caa9fd-7fff-4124-8e06-ded7d0720538&data=04%7C01%7Chropalm%40hi.is%7C13bfc0485854d608d2208d99e0503f9%7C09fa5f0e211846568529677ed8fdb78%7C0%7C0%7C637714566640225583%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C1000&sdata=HoEflLhEWfBoGTKQDgpqundaR%2F7DFVklZNFYB%2FudJfOA%3D&reserved=0
- Hagstofa Íslands. (e.d.-c). Mannfjöldi eftir kyni og aldri 1841–2021. https://eur02.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fpx.hagstofa.is%2Fpxis%2Fpxweb%2Fis%2FIbuar%2FIbuar__mannfjoldi__1_yfirlit__Yfirlit_mannfjolda%2FMAN00101.px%2Ftable%2FtableViewLayout1%2F%3Frqid%3Dc2cf6d3a-7fcc-456a-a6ef-8038d12fd479&data=04%7C01%7Chropalm%40hi.is%7C13bfc0485854d608d2208d99e0503f9%7C09fa5f0e211846568529677ed8fdb78%7C0%7C0%7C637714566640215595%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C1000&sdata=QwAbKrrBzeEOcpVOOXScZn4I5YM%2B67puPi7KrrFCC8%3D&reserved=0
- Hanna Ragnarsdóttir. (2016). Námsrými félagslegs réttlætis og menntunar án aðgreiningar. Niðurstöður norrænnar rannsóknar um velgengni nemenda af erlendum uppruna og skóla á fjórum Norðurlöndum. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <http://hdl.handle.net/10802/12540>
- Hanna Ragnarsdóttir, Fríða B. Jónsdóttir og Hildur Blöndal. (2016). Fjölmennningarlegt leikskólastarf: Þátttaka, samskipti og umhyggja í þremur íslenskum leikskólum. *Sérít Netlu – Námsrými félagslegs réttlætis og menntunar án aðgreiningar*. <http://hdl.handle.net/10802/12549>
- Hanna Ragnarsdóttir og Kulbrandstad, L. A. (ritstjórar). (2018). *Learning spaces for inclusion and social justice: Success stories from four Nordic countries*. Cambridge Scholars Publishing.
- HRönn Pálmadóttir. (2020). Viðhorf leikskólakennara og leiðbeinenda til upphafs leikskólagöngu barna. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2020.3>
- Jóhanna Einarisdóttir. (2020). Viðhorf foreldra og opinber leikskólastefna. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2020.6>
- Kvale, S. og Brinkmann, S. (2009). *Interviews. Learning the craft of qualitative research interviewing*. Sage.
- Lazzari, A. L., Balduzzi, L., Van Laere, K., Boudry, C., Rezek, M. og Prodger, A. (2020). Sustaining warm and inclusive transitions across the early years: Insights from SART Project. *European Early Childhood Education Research Journal*, 28(1), 43–57. <https://doi.org/10.1080/1350293X.2020.1707361>
- Lichtman, M. (2013). *Qualitative research in education. A user's guide*. Sage.
- Lög um leikskóla nr. 90/2008.
- Lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000.
- Macartney, B. C. (2012). Teaching through an ethics of belonging, care and obligation as a critical approach to transforming education. *International Journal of Inclusive Education*, 16(2), 171–183. <https://doi.org/10.1080/13603111003686218>
- May, V. (2013). *Connecting self to society. Belonging in a changing world*. Palgrave Macmillian.
- Menntamálaráðuneytið. (1995). *Salamanca-yfirlýsingin og rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir*.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2020). *Drög að stefnu: Menntun barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn*.
- OECD. (2017). *Starting strong V: Transitions from early childhood education and care to primary education*. <https://www.oecd.org/publications/starting-strong-v-9789264276253-en.htm>
- Reykjavíkurborg. (2010). *Allir með en enginn eins. Fjölmennung í leikskóla. Aðlögun*. <https://reykjavik.is/allir-med/adlogun>
- Reykjavíkurborg. (2011). *Fjölskylda og leikskóli – Handbók um samstarf*. https://reykjavik.is/sites/default/files/ymsis_skjol/skjol_utgefid_efni/handbokumforeldrasamstarf_0.pdf

- Souto-Manning, M. (2013). *Multicultural teaching in the early childhood classroom: Approaches, strategies and tools, preschool–2nd grade*. Teachers College Press.
- Souto-Manning, M., Malik, K., Martell, J. og Pion, P. (2021). Troubling belonging: The racialized exclusion of young immigrants and migrants of color. *International Journal of Early Childhood*, 53(1), 101–118. <https://doi.org/10.1007/s13158-021-00286-8>
- Stratigos, T., Bradley, B. S. og Sumsion, J. (2014). Infants, family day care and the politics of belonging. *International Journal of Early Childhood*, 46(2), 171–186. <https://doi.org/10.1007/s13158-014-0110-0>
- Sønsthagen, A. G. (2020). Early childcare as arenas of inclusion: The contribution of staff to recognising parents with refugee backgrounds as significant stakeholders. *European Early Childhood Education Research Journal*, 28(3), 304–318. <https://doi.org/10.1080/1350293X.2020.1755486>
- Tobin, J. (2020). Addressing the needs of children of immigrants and refugee families in contemporary ECEC setting: Findings and implications from the Children Crossing Borders study. *International Early Childhood Education Research Journal*, 28(1), 10–20. <https://doi.org/10.1080/1350293X.2020.1707359>
- Traum, L. C. og Moran, M. J. (2016). Parents' and teachers' reflections on the process of daily transitions in an infant and toddler laboratory school. *Journal of Early Childhood Teacher Education*, 37(4), 331–350. <https://doi.org/10.1080/10901027.2016.1241967>
- Van Laere, K. og Vandenbroeck, M. (2017). Early learning in preschool: Meaningful and inclusive for all? Exploring perspectives of migrant parents and staff. *European Early Childhood Education Research Journal*, 25(2), 243–257. <https://doi.org/10.1080/1350293X.2017.1288017>
- Vuorinen, T. (2018). 'Remote parenting': Parents' perspectives on, and experiences of, home and preschool collaboration. *European Early Childhood Education Research Journal*, 26(2), 201–211. <https://doi.org/10.1080/1350293X.2018.1442005>
- White, E. J., Rutanen, N., Marwick, H., Souza Amorim, K., Karagiannidou, E. og Herold, L. K. M. (2020). Expectations and emotions concerning infant transitions to ECEC: International dialogues with parents and teachers. *European Early Childhood Education Research Journal*, 28(3), 363–374. <https://doi.org/10.1080/1350293X.2020.1755495>
- Yuval-Davis, N. (2006). Belonging and the politics of belonging. *Patterns of Prejudice*, 40(3), 197–214. <https://doi.org/10.1080/00313220600769331>
- Yuval-Davis, N. (2011). *Politics of belonging: Intersectional contestations*. Sage.



Hrönn Pálmadóttir. (2022).

„Mér líður eins og ég tilheyri, veit að hún lærir tungumálið fljótt.“ Foreldrar með fjölbreyttan bakgrunn og fullgildi við upphaf leikskólagöngu Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2022/alm/09>

DOI: <https://doi.org/10.24270/netla.2022.9>